

þetta: „Svo elskaði guð heiminn, að hann gaf út sinn eingetinn elskulegan son til þess að allir þeir, sem • tryðu, skyldu öðlast eilíft líf.“

Eg er ekki að fara út í það, hvernig hún sé til orðin, eða hvaðan hún sé komin, þessi hugmynd, þó að eg viti það vel. Það er nóg að benda á það, að hún er grundvöllurinn, sem fedur vorir og mæður hafa byggt á hið andlega og siðferðilega göfgi sitt, sína æðstu réttlætishugmynd öld fram af öld. Það er þessi guðdómlegi kærleiki, sem kemur fram í fórnardauða Krists og friðþægingu hans fyrir syndir allra manna. Þetta atriði tekur kyrkjan nú, þvær það og pólerar og gyllir, svo að það verður við fyrsta álit skínandi og ljómandi, og fram fyrir þetta málverk leiðir hún svo börnin sín og segir á þessa leið: Ljúkið nú upp augum yðar, elskuleg börn, og lítið á þetta málverk. Þarna sjáið þér geisla guðs himneska kærleika og óendanlegu miskunnsemi; þarna sjáið þér þennan óútgrundanlega kærleikans leyndardóm, þar sem himnafaðirinn tekur heilagan son sinn, elskaðan af ótæmandi guðdómlegum kærleika, tekur hann og lætur hann *saklausan* líða fyrir hinn seka, fyrir allar syndir bófanna, fantanna, morðingjanna, lygaranna. Engin lýgi er svo svört, að Kristur hafi ekki borið hana upp á krossinn, engin hræsni svo svívirðileg, að Kristur hafi ekki borið hana, ekkert meinsæri svo voðalegt, að Kristur hafi ekki borið það, engin blóðsuga hefir sögið svo fé út úr vasa ekknanna og hinna munaðarlausu, að Kristur hafi ekki borið það, og þar með aflað eilífrar fyrirgefningar og unaðsfullrar sælu öllum þessum, sem þessi verk drýgðu. Þeir þurftu að eins að iðrast og trúá, svo máttu þeir sletta öllu saman upp á Krists herðar. Já, hann hefir vitað hvað hann bar, maðurinn eða guðinn sá.

Ætlið þér nú virkilega, vinir mínir, að það sem byggt er á þessum grundvelli verði happadrjúgt til þess, að lyfta mönnum hærra og hærra, til andlegs atgjörvis, til betra og elskulegra siðgæðis, til þess að vekja göfugar hugmyndir, háleitar vonir, vekja elsku til hins sanna, fagra og góða, vekja óslökkvandi þrá og löngun til þess að efla það og styrkja. Og aftur á hinn bóginn vekja djúpan viðbjóð á öllu því hinu svívirðilega, lága og ó-